

Þriðjudaginn 8. mars 1988.

Nr. 245/1986.

**Hreiðar Hallgeirsson**  
**Þorsteinn Bjarnason og**  
**Gisli Grétar Magnússon**  
 persónulega og  
 f.h. Vélgröfunnar sf.

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

**Þrotabúi Vörðufells hf.**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Gjaldþrotalög. Riftun.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 sama dag. Þeir krefjast aðallega sýknu, en til vara að tildæmdar kröfur verði bundnar því skilyrði, að áfrýjendur komi kröfu sinni að við skipti á búi stefnda. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms með þeim breytingum, að dæmdir verði dráttarvextir á mánuði þannig: 3,75% frá 1. september 1985 til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 2,25% frá þeim degi til 1. mars 1987, 2,5% frá þeim degi til 13. apríl s.á. og síðan svo sem Seðlabanki Íslands ákveður þá. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem greinir í héraðsdómi gekk bifreiðin X-4058 sem greiðsla upp í skuld stefnda við áfrýjendur. Fyrirtæki áfrýjenda og Vörðufell hf. lögðu bæði stund á verktakastarfsemi og stafaði umrædd skuld frá framkvæmdum þar sem áfrýjendur voru undirverktakar við verkefni Vörðufells hf. Ekki mun óalgengt að vinnutæki eða bifreiðar gangi kaupum og sölum milli slíkra fyrirtækja, og áfrýjendur virðast hafa viljað eignast bifreiðina X-4058 til eigin nota við starfsemi af ofangreindu tagi. Telja verður þó eins og hér stóð á, að um óvenjulegan greiðslueyri hafi verið að ræða og beri að rifta

greiðslunni samkvæmt 1. tl. 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Er þá haft í huga að ekki er fram komið, að á þennan veg hafi verið samið um greiðsluna, er til skuldarinnar var stofnað, og ekki er leitt í ljós að slíkar greiðslur hafi áður átt sér stað í viðskiptum málsaðila. Um verð bifreiðarinnar er ekki ágreiningur.

Með vísan til þessa ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til, þó með vöxtum eins og greinir í dómsorði.

Í gögnum málsins og málflutningi stefnda hér fyrir dómi var lýst yfir því, að áfrýjendur fái að koma að kröfu þeirri, er mál þetta snýst um, við skipti á þrotabúi stefnda. Verður ekki séð að um það sé ágreiningur í málinu. Þykir ekki þörf á úrlausn um þetta atriði.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti eins og segir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð :

Greiðslu þeirri er aðaláfrýjandinn, Vélgrafan sf., fékk með afsali þann 18. nóvember 1983 fyrir bifreiðinni X-4058 er rift.

Áfrýjendur, Hreiðar Hallgeirsson, Þorsteinn Bjarnason og Gísli Grétar Magnússon persónulega og f.h. Vélgröfunnar sf. greiði in solidum stefnda, þrotabúi Vörðufells hf., 250.000,00 krónur með 32% ársvöxtum frá 18. nóvember 1983 til 21. desember s.á., 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á. og síðan með dráttarvöxtum á mánuði þannig: 4% til 1. júní s.á., 3,5% frá þeim degi til 1. september s.á., 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 2,25% frá þeim degi til 1. mars 1987, 2,5% frá þeim degi til 13. apríl s.á., en með dráttarvöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga, frá 14. apríl 1987 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Áfrýjendur greiði stefnda in solidum 65.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

## Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. febrúar 1986.

## I.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. febrúar sl., hefur Viðar Már Matthíasson hdl., nnr. 9184-3838, Borgartúni 24, Reykjavík, skiptastjóri í þrotabúi Vörðufells hf., nnr. 9342-9710, Hörðuvöllum 1, Selfossi, f.h. þrotabúsins höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur Vélgröfunni sf., nnr. 9175-4762, Eyrarvegi 47, Selfossi, og eigendum sameignarfélagssins persónulega, þeim Hreiðari Hallgeirssyni, nnr. 4359-1622, Stekkholti 21, Selfossi, Þorsteini Bjarnasyni, nnr. 9730-8721, Hjarðarholti 7, Selfossi, og Gísla Grétari Magnússyni, nnr. 2680-7344, Stekkholti 18, Selfossi.

Kröfur stefnanda eru þessar:

1) Að rift verði greiðslu skuldar Vörðufells hf. við Vélgröfuna sf., sem fram fór þann 18. nóvember 1983 með afhendingu (sölu) á bifreiðinni X-4058 af gerðinni Toyota Hi-Lux pickup, árgerð 1980, í eigu Vörðufells hf., til stefnda Vélgröfunnar sf.

2) Að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða stefnanda kr. 250.000,00 með 32% ársvöxtum frá 18. nóvember 1983 til 21. desember s.á., en með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., en með 4% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

3) Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ skv. málskostnaðarreikningi, auk kr. 1.830,00 vegna greiðslu til vitnis vegna rækslu vitnaskyldu.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans, eigi lægri en skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

## II.

Stefnandi kveður málsástæður sínar vera þær, að Vörðufell hf. hafi með afsali dags. 29.12. 1982 frá Sigurði Jónssyni, Ásgerði, Hrunamannahreppi, eignast bifreiðina X-4058, af gerðinni Toyota, árgerð 1980. Tilkygning um söluna til bifreiðaskrár hafi hins vegar misfarist, og hafi því fyrri eigandi áfram verið skráður eigandi í bifreiðaskrá.

Á árunum 1982-1983 hafi Vörðufell hf. unnið stór verkefni við lagningu svonefndrar suðurlínu, sem sé hluti byggðalínu, er aftur sé ein af meginþáttum dreifikerfis raforku í landinu. Stefndi, Vélgrafan sf., hafi unnið á vegum Vörðufells hf. við suðurlínu. Vörðufell hf. hafi komist á árinu 1983 í mikla greiðsluerfiðleika, auk þess sem verkefnaskortur hafi hrjáð félagið. Félagið hafi ekki staðið í skilum við lánardrottna frá því fyrri hluta árs 1983, og með bréfi, móttæknu við embætti skiptaráðandans í Árnessýslu

þann 6. apríl 1984, hafi verið farið fram á greiðslustöðvunarheimild fyrir hlutafélagið, og hafi það verið veitt. Hafi greiðslustöðvun tekið gildi 13. apríl 1984 og lokið 13. september 1984 eftir að hafa verið framlengd einu sinni, en þann dag hafi félagið verið úrskurðað gjaldþrota.

Frestdagur í skilningi laga um gjaldþrotaskipti nr. 6/1978 sé að mati stefnanda þann 6. apríl 1984.

Vörðufell hf. hafi skuldað stefnda Vélgröfunni sf. umtalsverðar fjárhæðir vegna vinnu Vélgröfunnar sf. við suðurlínu, og hafi af hálfu fyrirsvarsmanna sameignarfélagsins verið þrýst mjög á um greiðslu skuldanna. Niðurstaðan hafi orðið sú að stefndi, Vélgrafan sf., hafi fengið greiddan hluta skuldanna með afhendingu, sölu, á bifreiðinni X-4058, og hafi verð bifreiðarinnar verið ákveðið kr. 250.000,00.

Ráðstöfun þessi sé brot á grundvallarreglunni um jafnræði kröfuhafa, og sé hún því riftanleg út frá hlutlægum forsendum einum saman. Jafnframt sé þó á því byggt að fyrirsvarsmönnum stefnda Vélgröfunnar sf. hafi verið kunnugt um fjárhagserfiðleika Vörðufells hf., og því hafi ráðstöfunin verið ótilhlýðileg og stefnda Vélgröfunni sf. til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa.

Samkomulag við stefnda um riftun hafi ekki tekist og því sé málhöfðun þessi nauðsynleg.

Samkomulag sé um að reka málið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Umboð skiptastjóra til málhöfðunar byggir stefnandi á 1. tl. 91. gr. 1. nr. 6/1978 sbr. og 112. gr. sömu laga, en á skiptafundi í þrotabúi Vörðufells hf. þann 8. febrúar 1985 hafi jafnframt verið samþykkt á ályktunarþærum fundi sbr. 2. tl. 97. gr. að fela honum heimild til málhöfðunar.

Kröfu um riftun á greiðslu skuldarinnar styður stefnandi við 1. mgr. 54. gr. 1. nr. 6/1978, og einnig sjálfstætt við 61. gr. s.l.

Kröfu um vexti byggir stefnandi á 5. gr. 1. nr. 58/1960 sbr. og 13. gr. 1. nr. 10/1961, svo og auglýsingum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um vaxtafót, og vísar stefnandi sérstaklega í auglýsingu bankans frá 18. febrúar 1985 um heimild til töku mánaðarlegra dráttarvaxta af kröfunni.

Málskostnaðarkröfuna styður stefnandi við 1. mgr. 177. gr. 1. nr. 85/1936 sbr. og 184. gr. s.l.

Samkomulag sé um að varnarþing verði í Reykjavík, sbr. 1. mgr. 81. gr. 1. nr. 85/1936.

Kröfufjárhæðin sé andvirði bifreiðarinnar X-4058 þann 18.11. 1983.

Við munnlegan málflutning var því lýst yfir af hálfu lögmanns stefnanda að verði dómkröfur stefnanda í máli þessu teknar til greina muni stefndi geta lýst upphaflegri kröfu sinni í þrotabúi Vörðufells hf., enda þótt auglýstur kröfulýsingarfrestur sé runninn út í samræmi við samþykkt sem gerð var á skiptafundi í þrotabúinu þann 8. febrúar 1985.

Stefndu kveða málavöxtum vera rétt lýst hvað horfi við stefnanda, en hins vegar halli nokkuð á stefnda hvað áhræri viðskipti hans við stefnanda. Vilji stefndi fyrst og fremst mótmæla því, sem fram komi á dskj. nr. 4 að hann hafi þrýst mjög á að fá greiðslur úr hendi stefnanda. Nægi þar að benda á dskj. nr. 10, kröfulýsingu stefnda. Þar komi fram að er viðskipti þau er mál þetta snýst um fóru fram 18.11. 1983 hafi viðskipta-skuld stefnanda við stefnda numið a.m.k. kr. 349.351,51 og hafi verið allar götur frá júní 1983. Það geti varla talist mikil eftirgangsssemi af hálfu stefnda að taka við mikið notaðri þriggja ára bifreið upp í aðeins hluta þeirrar skuldar er stefndi átti hjá stefnanda. Þá sé því alfarið mótmælt sem röngu og órökstuddu, sem fram komi í málavaxtalýsingu stefnanda á dskj. nr. 4, að stefnda hafi verið fullkunnugt um fjárhagserfiðleika stefnanda og að viðskipti þeirra hafi verið ótilhlýðileg.

Málsástæður og lagarök stefndu séu þessi: Stefndu telji að hvorki 1. mgr. 54. gr. 1. nr. 6/1978 né 61. gr. s.l. eigi við um viðskipti stefnda og stefnanda. Því sé að vísu ómótmælt að viðskipti þessi (þ.e. dskj. nr. 5) hafi átt sér stað tæpum fimm mánuðum fyrir frestdag. Hins vegar telji stefndu að með viðskiptum þessum hafi ekki verið greitt fyrr en eðlilegt var, sbr. sérstaklega dskj. nr. 10, né hafi sú fjárhæð er greidd var ráðið um greiðsluhæfni stefnanda. Um það, hvort um sé að ræða „óvenjulegan greiðslueyri“ í skilningi 1. mgr. 54. gr. 1. nr. 6/1978, vilji stefndi taka fram eftirfarandi:

Í fyrsta lagi sé lítið til dskj. nr. 17, yfirlýsingar bókhaldara stefnda, komi fram að undanfarin a.m.k. níu ár hafi það mjög tíðkast að taka við greiðslum í formi annars en beinhardra peninga, og telji stefndi ekkert óvanalegt við það. Í öðru lagi sé hér um viðskipti tveggja verktaka að ræða. Á það sé að líta að slíkur rekstur sé ærið sveiflukenndur og árstíðabundinn. Stefndi telji því ekkert óvenjulegt við það að verktaki losi sig annað veifið við hluti á þann hátt er gert var skv. dskj. nr. 5. Þaðan af síður líti stefndi svo á að hann hafi á ótilhlýðilegan hátt komist að samningum við stefnanda sér til hagsbóta en öðrum kröfuhöfum til tjóns. Hvað varði vitneskju stefnda um yfirvofandi greiðslustöðvun stefnanda og eftirfarandi gjaldfrest sé rétt að vísa til þess að ríflega helmingur kröfugerðar hans á dskj. nr. 10 sé frá reikningi dags. 31.12. 1983 að fjárhæð kr. 573.421,90, þ.e. hugsanlega fyrir og ekki síður eftir ráðstöfun þá, er mál þetta snýst um. Heldur lítið virðist hér fara um „grandsemi“ stefnda.

### III.

Samkvæmt 1. tl. 54. gr. 1. nr. 6/1978 nægir það skilyrði eitt til þess að rifta megi greiðslu að greiðslueyrir hafi verið óvenjulegur, hafi greiðslan farið fram á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag.

Beiðni Vörðufells hf. um greiðslustöðvun var lögð fram í skiptarétti 6.

apríl 1984, og telst sá dagur frestdagur í skilningi 1. mgr. 54. gr. 1. nr. 6/1978, og er ekki ágreiningur um það í málinu að greiðslan var innt af hendi innan þess frests. Er einungis deilt um það í máli þessu, hvort greiðslan hafi verið „óvenjulegur greiðslueyrir“ í skilningi ofangreinds lagaákvæðis.

Ekki liggur fyrir að samið hafi verið um að greiða stefnda með þeim hætti sem gert var, þegar til viðskiptanna var stofnað, og upplýsti stefndi Þorsteinn Bjarnason fyrir dómi að hann hefði frekar tekið við peningagreiðslu frá Vörðufelli hf. ef því hefði verið til að dreifa. Stefndu hafa lagt fram yfirlit á dskj. nr. 17 frá bókhaldara hins stefnda fyrirtækis um viðskipti þau sem stefndi hefur átt frá árinu 1976, þar sem fyrirtækið hefur tekið vélar og áhöld upp í vinnu. Hefur yfirliti þessu ekki verið andmælt sem röngu en mótmælt sem þýðingarlausu.

Af yfirlitinu kemur fram að frá árinu 1976 hefur hið stefnda fyrirtæki fimm sinnum tekið vélar eða áhöld upp í vinnu, þar af einu sinni frá Vörðufelli hf., þ.e. greiðslu þá, sem hér er deilt um.

Ekki verður dregin sú ályktun af yfirliti þessu að greiðsluháttur þessi geti talist venjulegur í viðskiptum aðilja.

Telja verður upplýst að greiðslan var innt af hendi í því skyni að greiða fjárkröfu stefnda á hendur Vörðufelli hf., og verður að telja, eins og atvikum var háttáð og með hliðsjón af framburði aðila, að um óvenjulegan greiðslueyri hafi verið að ræða í viðskiptum aðila. Ber því skv. 1. tl. 54. gr. 1. nr. 6/1978 að taka til greina kröfu stefnanda um riftun, en samkvæmt því ákvæði skiptir grandleysi stefndu ekki máli.

Samkvæmt 1. tl. 62. gr. s.l. ber að fallast á þá kröfu stefnanda að stefndu greiði honum in solidum kr. 250.000,00 sem er óumdeilt verðmæti greiðslunnar.

Vaxtakröfu stefnanda hefur ekki verið andmælt sérstaklega og verður hún því tekin til greina með þeirri breytingu að frá 1. júní 1985 dæmast 3,5% vanskilavextir á mánuði til 1. september s.á., en 3,75% frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 55.400,00.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Greiðslu þeirri er stefndi, Vélgrafan sf., fékk með afhendingu á bifreiðinni X-4058 þann 18. nóvember 1983, er rift.

Stefndu, Vélgrafan sf., Hreiðar Hallgeirsson, Þorsteinn Bjarnason og Gísli Grétar Magnússon, greiði in solidum stefnanda, Vörðufelli hf., kr. 250.000,00 með 32% ársvöxtum frá 18. nóvember 1983 til 21.

desember s.á., en með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., en með 4% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní s.á., en með 3,5% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september s.á., en með 3,75% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags og kr. 55.400,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 8. mars 1988.

Nr. 59/1988. **Ákærvaldið**

gegn

**Árna Inga Sigurðssyni**

Kærumál. Dómsátt.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 112. gr. 6. mgr. laga nr. 74/1974 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 22. febrúar 1988, sem barst Hæstarétti 23. s.m. Krefst hann þess að hin kærða dómsátt verði felld úr gildi.

Varnaraðila var í sakadómi Akraness 26. s.m. tilkynnt um kær-una. Hann krefst þess að dómsáttin verði staðfest en óskar ekki eftir að skila greinargerð af sinni hendi.

Með hinni kærðu sátt samþykkti varnaraðili í sakadómi Akraness að greiða 10.000,00 króna sekt fyrir brot á 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga og sæta því jafnframt að vera sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá sáttardegi.

Ríkissaksóknari gerir svofellða grein fyrir kærinni: „Magn alkóhóls í blóðsýni úr kærða, sem tekið var í þágu rannsóknar málsins, reyndist 1.3%. Með dómsáttinni var atferli kærða fært